

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/410**

2017/EES/48/11

frá 8. mars 2017

**um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 184/2007 og (ESB) nr. 104/2010 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir kalíumdíformat (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) BASF SE hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni leyfishafa sem gefinn er upp í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007 <sup>(2)</sup> og (ESB) nr. 104/2010 <sup>(3)</sup>.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að ADDCON hafi, frá og með 15. nóvember 2016, yfirtekið markaðssetningarréttinn á fóðuruokefninu kalíumdíformati. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.
- 3) Fyrirhuguð breyting á handhafa leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera ADDCON kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfa.
- 5) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 184/2007 og (ESB) nr. 104/2010 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á reglugerð (EB) nr. 184/2007**

Í 2. dálki viðaukans við reglugerð (EB) nr. 184/2007 komi „ADDCON“ sem nafn leyfishafa í stað „BASF SE“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 98. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(<sup>2</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007 frá 20. febrúar 2007 um að leyfa kalíumdíformat (Formi LHS) sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 1).

(<sup>3</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2010 frá 5. febrúar 2010 um að leyfa kalíumdíformat sem fóðuruokefni fyrir gyltur (leyfishafi er BASF SE) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 4).

2. gr.

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 104/2010**

Í 2. dálki viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 104/2010 komi „ADDCON“ sem nafn leyfishafa í stað „BASF SE“.

3. gr.

**Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, forblandna og fõðurlöndu sem innihalda aukefnið, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppunar.

4. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---